

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Ritrýnd grein birt 31. desember 2011

Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
og Þorgerður Einarsdóttir

„Rosaleg óvissa hjá okkur og vondur tími“

Um starfsöryggi og líðan kennara eftir hrun

Markmið þessarar greinar er að skoða starfsöryggi og líðan grunn- og leikskólakennara hér á landi í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Blönduðum aðferðum var beitt við gagnaöflun og greiningu. Rafrænn spurningalisti var sendur í tvígang til alls starfsfólks 20 sveitarfélaga, fyrst árið 2010 og svo aftur ári síðar. Jafnframt voru tekin rýnihópaviðtöl við grunn- og leikskólakennara í tveimur sveitarfélaganna, samtals við 30 einstaklinga. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu m.a. í ljós að í mörgum grunn- og leikskólum hefur starfsfólki verið sagt upp og starfsöryggi minnkað milli ára 2010 og 2011. Tengsl eru á milli óöryggis og neikvæðrar heilsu og líðanar starfsfólks. Skert starfsöryggi hafði sterkust tengsl við löngun til að hætta í starfi og sterkari tengsl við sjálfmetna andlega heilsu en sjálfmetna líkamlega heilsu.

Hjördís Sigursteinsdóttir er sérfræðingur hjá Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri og doktorsnemi við í Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir er prófessor við Félags- og mannvísindadeild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands og Þorgerður Einarsdóttir er prófessor við Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

“Incredible uncertainty among us and a bad time”: Job security and well-being of teachers after in time of economical crisis

The aim of this study is to examine job security and well-being of primary and preschool teachers in Iceland after the economic collapse in October 2008. Mixed methods were used to collect and analyse the data. An on-line survey was conducted twice among all employees in 20 municipalities. In addition five focus group interviews were taken in two municipalities, with a total of 30 individuals. The results show that in many of the schools, employees have been laid off and job insecurity has increased between the years 2010 and 2011. There is a connection between job insecurity and employees' health and well-being. Furthermore, a relation can be seen between job insecurity and the unwillingness to continue to work as a teacher and a stronger connection to self-rated mental health than to self-rated physical health.

Hjördís Sigursteinsdóttir is specialist at the University of Akureyri Research

Centre and doctoral student at the Faculty of Social and Human Sciences, School of Social Sciences, University of Iceland, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir is professor at the Faculty of Social Sciences and Þorgerður Einarsdóttir is professor at the Faculty of Political Science, both at the School of Social Sciences, University of Iceland.

Inngangur

Á umbrotu- og óvissutímum eins og þeim sem dunið hafa yfir íslenskan vinnumarkað allt frá falli íslensku bankanna haustið 2008 getur álag, óöryggi og vanlíðan aukist meðal vinnandi fólks. Það staðfesta meðal annars finnskar rannsóknir (Kivimäki o.fl., 2007) og íslenskar (Ásta Snorradóttir, 2009, 2011; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2009).

Alkunna er að vinnan skiptir miklu máli í lífi flestra fullorðinna einstaklinga. Þar sem atvinnustig hefur verið hátt á Íslandi og Íslendingar unnið langan vinnudag samanborið við grannþjóðirnar er ekki ólíklegt að vinnan hafi meiri áhrif á sjálfsmynd og líðan Íslendinga en annarra þjóða (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2009). Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um mikilvægi vinnunnar og tengsl vinnu og líðanar. Mikið er vitnað til Karl Marx og sporgöngumanna hans, svo sem Blauners (1964), sem litu á einstaklinginn sem skapandi veru og að launavinnan gegndi lykilhlutverki í sköpun hans. Vinnan var að þeirra mati grunnur sjálfsmats og því ein af göfugustu athöfnum mannsins. Ákveðinn samhljómur er í kenningum Blauners (1964) og Antonowskys (1987) sem halda því fram að störf sem virðast heilsusamleg og góð geti verið fólki erfið ef það efast um stöðu sína eða sér ekki tilgang með því sem það aðhefst. Þetta viðhorf tengist póstmóðernískum kenningum en þær afneita algildum sannleika og geta verið gagnlegar til þess t.d. að skýra líðan fólks í vinnu. Foucault er ein þessara kennismiða sem heldur því fram að sú umræða og hugmyndahefð sem við búum við skilgreini og móti ramma þess sem leyfilegt er að hugsa um og tjá á hverjum tíma. Mikilvægt sé því að staðsetja orðræðuna nákvæmlega í tíma og rúmi, því hún bæði móti og mótist af þeirri samfélagsgerð sem umlykur einstaklinga hverju sinni. Undir það tekur meðal annars Watson (2005).

Við hrun bankakerfisins breyttust forsendur í ytra rekstrarumhverfi sveitarfélaganna til hins verra og hafa sum þeirra gripið til hagræðingaraðgerða og niðurskurðar á starfsemiinni. Einn stærsti útgjaldaliður sveitarfélaga er launakostnaður og hafa þau því meðal annars horft á þann kostnaðarlið í hagræðingaraðgerðum sínum (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2011; Gunnlaugur A. Júlíusson, 2008). Í sumum grunn- og leikskólum hefur stöðugildum fækkað frá árinu 2008, bæði vegna þess að ekki hefur verið ráðið í stöður sem losna og vegna þess að starfsfólki hefur verið sagt upp. Að auki hafa tiltekin sveitarfélög hafa fækkað kennslustundum og skert dvalartíma barna í grunn- og leikskólum, takmarkað afleysingar og dregið úr yfirvinnu. Einnig hafa nokkur sveitarfélög boðað sameiningu grunn- og leikskóla (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2011). Það er því ljóst að talsvert umrót hefur skapast meðal starfsfólks sveitarfélaga frá því að íslenska fjármálakerfið hrundi á haustmánuðum 2008. Hátt atvinnustig og tiltölulega lítið atvinnuleysi hér á landi undanfarna áratugi hefur þýtt að lítið hefur verið fjallað um starfsöryggi á íslenskum vinnumarkaði. Allra síst hefur verið fjallað um óöryggi starfsfólks í opinberum rekstri, svo sem meðal starfsfólks grunn- og leikskóla.

Markmið þessarar greinar er að fjalla um starfsöryggi og líðan grunn- og leikskólakennara hér á landi í kjölfar bankahruns. Meginspurningin er hvort breyting hafi orðið á starfsöryggi og sjálfmetinni líðan þessara starfshópa frá bankahruninu haustið 2008. Gögnin eru skoðuð og greind með hliðsjón af kyni, landfræðilegri legu sveitarfélaganna (höfuðborgarsvæði, landsbyggð) og hvort viðkomandi starfi í grunn- eða leikskóla.

Starfsöryggi og líðan

Enda þótt mest hafi verið fjallað um neikvæðar afleiðingar atvinnumissis fyrir heilsu og líðan starfsfólks þá sýna rannsóknir að víðtækar uppsagnir í fyrirtækjum og stofnunum geta einnig haft neikvæð áhrif á þá sem áfram starfa. Uppsagnir annarra geta skapað óvissu um eigin stöðu og þannig haft neikvæð áhrif á líðan. Það sýna t.d. rannsóknir Mattiasson, Lindegärde, Nilsson og Theorell (1990) og Ferrie, Shipley, Marmot, Stansfeld og Smith (1998). Samkvæmt finnskri langtímarannsókn sem var gerð í tengslum við efnahagskreppuna í Finnlandi árin 1991 og 1994 hafði samdráttur í fyrirtækjum neikvæð áhrif á fyrirkomulag vinnu hjá þeim sem ekki var sagt upp og neikvæð áhrif á sjálfmetna heilsu (Kivimäki, Vathera, Pentti o.fl., 2001). Kivimäki og fl. (2007) sýna einnig aukna notkun geðlyfja í fyrirtækjum sem hafa gengið í gegnum samdrátt.

Kulkarni (2008) bendir á að algengt sé að starfsfólk sem heldur vinnunni eftir víðtækar uppsagnir finni til skerts starfsöryggis, minna trausts, aukinnar streitu og andlegrar vanlíðunar. Kulkarni bendir jafnframt á að afköst og skilvirkni minnki á sama tíma og löngun til að hætta í starfinu eykst. Rannsókn Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2009) sýnir að fjármálahrunið hér á landi hafði í för með sér aukna vanlíðan, bæði meðal þess fólks sem sagt var upp og þeirra sem héldu vinnunni. Heilsufarseinkennin sem um ræðir voru þrekleysi, vöðvabólgur, verkir í baki/herðum, tíðir höfuðverkir, svefnerfiðleikar, þungar áhyggjur, kvíði og depurð.

Lítið starfsöryggi og hættan á atvinnumissi getur þannig haft neikvæð áhrif á viðhorf til vinnu (Probst, 2000) og andlega og líkamlega heilsu karla og kvenna (Amick o.fl., 1998; De Witte, 1999; Ferrie, Shipley, Marmot, Martikainen, Stansfeld og Smith, 2001). Má þar nefna kvíða, þunglyndi og jafnvel ýmsa hjartasjúkdóma. Þá getur lítið starfsöryggi aukið líkurnar á fjarvistum vegna veikinda svefnörðugleikum og kulnun í starfi (sjá t.d. Kivimäki, Vahtera, Pentti, og Ferrie, 2000; Mattiasson o.fl., 1990; Orpen, 1993; Siegrist, Peter, Junge Cremer og Seidel, 1990). Þessar rannsóknir benda jafnframt á að um flókið samspil starfsöryggis og líðanar geti verið að ræða og því geti aðrir áhrifaþættir einnig verið að verki. Quinlan og Bohle (2009) segja það aukast að starfsfólk mæti veikt til vinnu á tímum niðurskurðar og starfsöryggis af ótta við að missa vinnuna ella. Einnig að nauðsynlegt sé að skoða heilsufarssögu starfsfólks fyrir niðurskurð og hvort tengsl séu á milli heilsufars og uppsagna. Niðurstöður Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2009) benda ekki til að starfsfólk sem missti vinnuna hafi almennt verið verra til heilsunnar fyrir fall banka en þeir sem héldu störfum sínum. Þó gæti það átt við um depurð, kvíða og þungar áhyggjur. Rannsókn Ástu Snorradóttur (2009) sem einnig tekur til starfsfólks fjármálafyrirtækja sýnir, að konur sem starfa í deildum þar sem starfsfólki hefur verið sagt upp, upplifa meira álag í vinnu en þær sem starfa í deildum þar sem engra uppsagna gætti. Bæði konur og karlar sem starfa í deildum sem hafa orðið fyrir uppsögnum upplifa verri andlega líðan en starfsfólk deilda þar sem engum var sagt upp. Aldur, starfsreynsla, heilsufarssaga og slæmar stjórnunarákvarðanir eru meðal þess sem er talið geta dregið úr upplifun fólks á starfsöryggi (van Vuuren, Klandermans, Jacobson og Hartley, 1991). Lítið starfsöryggi getur einnig haft neikvæð áhrif á hollustu starfsfólks til vinnustaðar og aukið andstöðu starfsfólks til breytinga (sjá t.d. Ashford, Lee og Bobko, 1989; Davy, Kinicki og Scheck, 1997; Kuhnert og Vance, 1992; Loseby, 1992; Rosenblatt og Ruvio, 1996).

Mikið starfsöryggi hefur gjarnan fylgt störfum innan opinbera geirans og uppsagnir verið fátíðari þar en í einkageiranum. Clark og Postel-Vinay (2005) gerðu rannsókn á starfsöryggi í ýmsum starfsgreinum í tólf í Evrópulöndum með því að skoða gögn úr *The European Community Household Panel (ECHP)*. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að sveiflur á vinnumarkaði hafi almennt ekki áhrif á starfsfólk í föstu starfi hjá hinu opinbera. Það er þó ekki algilt. Ferrie, Shipley, Marmot, Stansfeld og Smith (1998) skoðuðu heilsu opinberra starfsmanna 20 stofnana í Bretlandi á tímum óvissu og báru saman við gögn fimm árum

áður þegar vinnumarkaðurinn var í jafnvægi. Í einni stofnuninni var sérstaklega mikið starfsóryggi á tímabilinu og í seinni mælingunni reyndist sjálfmetin heilsa og líffræðilegir áhættuþættir starfsfólks þeirrar stofnunar verri enn annarra, bæði karla og kvenna.

Quinlan og Bohle (2009) kortlögðu alþjóðlegar rannsóknir á áhrifum niðurskurðar og starfsóryggis á starfstengda heilsu og líðan starfsfólks síðustu 20 árin. Í ljós komu 86 rannsóknir frá ýmsum löndum og starfsgreinum. Í langflestum tilvikum voru rannsóknirnar meginlegar, aðeins fjórar voru eigindlegar og nokkar rannsóknir notuðu eigindleg gögn til viðbótar meginlegum gögnum. Af þessum rannsóknum, sem margar byggðu á stóru úrtaki og langtímagögnum, sýndu 73 eða 85% að starfstengd heilsa og líðan starfsfólks var verri þar sem niðurskurður og starfsóryggi var til staðar, í 7 rannsóknum (8%) komu fram misvísandi áhrif á starfstengda heilsu og líðan og í 5 rannsóknum (6%) komu engin áhrif fram. Aðeins ein rannsókn leiddi í ljós jákvæð áhrif niðurskurðar og starfsóryggis á starfstengda heilsu og líðan starfsfólks. Quinlan og Bohle telja að hægt sé að fullyrða út frá þessum rannsóknum, að niðurskurður og starfsóryggi hafi neikvæð áhrif á starfstengda heilsu og líðan starfsfólks á vinnustað og að niðurskurður komi ólíkt niður á konum og körlum (sjá t.d. Ferrie og fl., 1998; Kivimäki, Vahtera, Koskenvuo, Uutela og Pentti, 1998).

Starfsöryggi og kynferði

Vinnumarkaðurinn er töluvert kynjaskiptur hér á landi og kynin útsett fyrir ólíkum álagsþáttum bæði í vinnu og einkalífi (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Tamar M. Heijstra, 2011). Birtingarmynd heilsu og líðanar kynjanna er auk þess stundum ólík. Konur leita oft en karlar læknis vegna ýmiss konar vanlíðunar, gjarnan vegna óljósra einkenna sem falla illa að þekktum sjúkdómseinkennum (Bury, 2005; Messing og Kilbom, 1998; Pugliesi, 1995; Rúnar Vilhjálmsson, 2000; Sigrún Ólafsdóttir, 2004). Rannsóknir á tengslum vinnutengdrar heilsu, starfsöryggis og kynferðis eru því mikilvægar.

Rosenblatt, Talmud og Ruvio (1999) skoðuðu áhrif kyns á starfsóryggi og önnur starfstengd viðhorf eins og hollustu, tilhneigingu til að hætta í starfi, andstöðu við breytingar, upplifun á frammistöðu og stuðning í starfi meðal ísraelskra grunnskólakennara. Niðurstaða þeirra er sú að karlar upplifðu meira starfsóryggi en konur. Þar að auki kemur starfsóryggið við karla á ólíkan hátt en konur þar sem karlar hafa aðallega áhyggjur af laununum á meðan konur hafa meiri áhyggjur af innihaldi starfsins og skipulagningu, þó að þær hafi jafnframt áhyggjur af launum sínum. Þessu til viðbótar kom í ljós að hjá konum tengdist óryggið öllum starfstengdum þáttum sem skoðaðir voru, en hjá körlum hafði það ekki áhrif á viðhorf þeirra til frammistöðu og stuðnings í starfi. Rosenblatt og félagar telja að skýringuna sé meðal annars að finna í hlutverkum kvenna, ekki einungis sem kennara heldur jafnvel í samfélaginu öllu.

Kivimäki og fleiri (1998) komust að því að streituvaldandi starfsumhverfi eins og niðurskurður í starfsmannahaldi, miklar eða auknar starfskröfur og óhliðhollar breytingar á vinnustað auka líkur á fjarveru vegna almennra veikinda og veikinda í stoðkerfi meðal kvenna. Sambærileg áhrif komu ekki fram meðal karla.

Samkvæmt rannsókn Ástu Snorradóttur (2011) á líðan starfsfólks í fjármálafyrirtækjum reyndist starfstengt óryggi talsvert meðal þeirra sem héldu áfram störfum í kjölfar uppsagna haustið 2008, einkum þó meðal kvenna. Þetta starfsóryggi tengdist slæmri sálrænni líðan. Þessar niðurstöður haldast í hendur við niðurstöður Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2009), sem sýna að konur sem starfa í fjármálafyrirtækjum hér á landi voru líklegri en karlar til að finna fyrir vanlíðan í kjölfar bankahrunsins.

Ásta Snorradóttir (2011) bendir á að niðurstöður rannsókna á tengslum kynbundins starfsóryggis og líðanar séu að nokkru leyti mótsagnarkenndar. Hún vísar til DeWitthe

(1999) og Ferrie, Shipley, Marmot, Stansfield og Smith (1995) sem fundu að óöryggi í starfi hafði neikvæðari afleiðingar fyrir líðan og heilsu karla en kvenna. En samkvæmt Rosenblatt o.fl., (1999) var því öfugt farið. Þar kom fram að jafnvel þótt óöryggi í starfi hafi verið algengara meðal karla en kvenna þá voru afleiðingarnar neikvæðari fyrir konur. Það kom einnig í ljós í langtímarannsókn Mauno og Kinnunen (1999) sem sýnir að neikvæðra áhrifa starfsöryggis gætti fremur meðal kvenna en karla.

Aðferð og gögn

Grein þessi byggir á rannsókninni *Líðan og heilsa starfsfólks sveitarfélaga á tímum efnahagsþrenginga*. Um er að ræða langtímarannsókn þar sem fylgst er með hugsanlegum breytingum á heilsu, líðan og starfstengdum viðhorfum starfsfólksins eftir því sem lengra líður frá efnahagshruninu haustið 2008. Hér ætlum við að svara því hvort breyting hafi orðið á starfsöryggi og líðan grunn- og leikskólakennara frá bankahruninu haustið 2008. Gögnin eru skoðuð með hliðsjón af kyni og landfræðilegri legu sveitarfélaganna. Ólíkt starfsfólki fjármálafyrirtækja og ýmissa fyrirtækja sem starfa á einkamarkaði hefur starfsöryggið verið gott hjá grunn- og leikskólakennurum og atvinnuleysi hverfandi. Því er forvitnilegt að vita hvort og þá hvaða áhrif bankahrunið hefur haft á þessa starfshópa. Til að nálgast viðfangsefnið voru notaðar bæði meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir.

Megindleg rannsókn

Framkvæmd

Megindlega rannsóknin fólst í netkönnun sem framkvæmd var í tvígang, í febrúar til apríl 2010 og í maí til júní 2011. Sendur var tölvupóstur með beiðni um þátttöku í könnuninni. Þeir sem samþykktu að taka þátt smelltu á tengil sem opnaði könnunina og sendu inn nafnlaust svar. Öllum var frjálst að hafna þátttöku í könnuninni án útskýringa og einnig var frjálst að sleppa að svara einstökum spurningum. Sendar voru þrjár ítrekanir.

Þátttakendur

Þátttakendur í netkönnuninni voru starfsfólk 20 sveitarfélaga. Þau voru; Akureyrarbær, Akranes, Áltanes, Borgarbyggð, Fjallabyggð, Fljótaldalshérað, Garðabær, Grindavík, Hafnarfjarðarbær, Hveragerði, Ísafjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Norðurþing, Reykjanesbær, Seltjarnarnes, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Höfn, Skagafjörður og Vestmannaeyjar. Netföngin voru fengin hjá forsvarsmönnum sveitarfélaganna. Skilyrði fyrir þátttöku í könnuninni var að vera eldri en 18 ára, vera í 50% eða hærra stöðugildi hjá sveitarfélaginu þegar könnunin var framkvæmd og hafa þekkt netfang. Árið 2010 uppfylltu 7.329 starfsmenn þessi skilyrði og var svarhlutfallið 64,5%. Árið 2011 uppfylltu 7.182 starfsmenn skilyrðin og var svarhlutfallið þá 60,0%.

Í þessari grein er aðeins unnið með svör grunn- og leikskólakennara. Í mörgum tilvikum var um að ræða svör frá sömu einstaklingum árið 2010 og árið 2011, en það var þó ekki algilt. Því var ekki um að ræða nákvæmlega sömu hópana í bæði skiptin, heldur tvo samskonar hópa starfsfólks úr grunn- og leikskólum árið 2010 annars vegar og starfsfólki grunn- og leikskóla árið 2011 hins vegar. Við úrvinnslu á gögnunum var því ekki unnið með gögnin þöruð, heldur unnið með þau eins og tvö óháð úrtök. Þetta ber að hafa í huga þegar svör eru túlkuð og ályktað um mun á milli hópa þar sem kostir við þörun eru ekki nýttir og það dregur úr tölfræðilegum styrk.

Í fyrirlögninni árið 2010 svöruðu 3.156 grunn- og leikskólakennarar spurningalistanum. Af þeim voru grunnskólakennarar 72,4% og leikskólakennarar 27,4%. Konur voru, 88% og karlar 12%. Um 10% voru 30 ára og yngri, 30% á aldrinum 31–40 ára, 31% á aldrinum 41–50 ára, 23% 51–60 ára og 6% 61 árs og eldri. Í fyrirlögninni árið 2011 svöruðu 2655 grunn- og leikskólakennarar spurningalistanum, 74% grunnskólakennarar og 26% leikskólakennarar. Kynjahlutfallið er það sama og áður; 88% konur og 12% karlar. Um 9%

voru 30 ára og yngri, 28% á aldrinum 31–40 ára, 31% á aldrinum 41–50 ára, 25% 51–60 ára og 7% 61 árs og eldri.

Mælitæki

Spurningalistinn sem var notaður í meginlegu rannsókninni innihélt spurningar úr tveimur spurningalistum; Norræna spurningalistanum um sálfélagslega þætti í vinnunni (Lindström, Elo o.fl.) og spurningalistanum Heilsa og líðan Íslendinga sem Lýðheilsustöð hefur lagt fyrir tvisvar (Lýðheilsustöð, 2007, 2009). Auk þess voru nokkrar sérsniðnar spurningar lagðar fyrir, samdar af höfundum meðal annars eftir ábendingar frá sveitarfélögum. Í þessari grein verður fjallað um niðurstöður spurninga sem sýna starfsöryggi, starfsánægju og mat á andlegri- og líkamlegri heilsu grunnskóla- og leikskólakennara frá efnahagshruninu.

Starfsöryggi er metið með fimm spurningum; (1) „Hefur orðið breyting á starfi þínu síðan efnahagshrunið varð í október 2008?“ (2) „Hefur starfsfólki á þínum vinnustað verið sagt upp og það látið af störfum vegna efnahagshrunsins sem varð í október 2008?“ (3) „Telur þú að þú getir haldið starfi þínu hjá sveitarfélaginu næstu 12 mánuði ef þú óskar eftir því?“ (4) „Óttast þú að verða flutt(ur) til í starfi gegn vilja þínum?“ Svarmöguleikarnir við þessum spurningum voru „Já“ og „Nei“. (5) „Gengur orðrómur um fyrirhugaðar breytingar á vinnustaðnum?“ Gefnir voru fimm svarmöguleikar við þessari spurningu, frá (1) mjög sjaldan eða aldrei að (5) mjög oft eða alltaf. Fundin var út ein breyta fyrir starfsöryggi fyrir þessar fimm spurningar. Það var gert með því að kóða spurningarnar frá 1 og upp í 5 þar sem 1 þýðir lítið starfsöryggi og 5 þýðir mikið starfsöryggi. Í þeim spurningum þar sem svarið var í tveimur flokkum (já/nei) þá voru þær spurningar kóðaðar á sinn hvorn endann, þ.e. 1 og 5, allt eftir því hvort svarið fól í sér lítið eða mikið starfsöryggi. Að lokum var reiknað meðaltal fyrir þessar fimm spurningar og það notað sem mælikvarði á starfsöryggi. Alfastuðullinn fyrir þessar fimm spurningar um starfsöryggi er 0,822.

Andleg líðan er metin með spurningunni; „Er andleg heilsa þín betri eða verri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október árið 2008?“ Svarmöguleikarnir voru frá (1) mun betri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október árið 2008 að (5) mun verri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október 2008. Líkamleg líðan er metin með spurningunni; Er líkamleg heilsa þín betri eða verri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október árið 2008?“ Svarmöguleikarnir voru frá (1) mun betri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október árið 2008 að (5) mun verri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október 2008. Við útreikninga meðaltals er gengið út frá þeirri forsendu að jafnt bil sé á milli þrepa í raðkvörðunum sem notaðir eru í spurningunum og staðhæfingunum hér fyrir framan. Notuð voru *kí-kvaðrat próf*, *Tau-c próf* og *t-próf* til að meta mun á milli hópa og *Spearman rho* til að skoða fylgni milli starfsöryggis og líðan starfsfólks.

Eigindleg rannsókn

Framkvæmd

Eigindleg rannsókn fólst rýnihópaviðtölum. Tekin voru níu rýnihópaviðtöl í rannsókninni. Mannauðsstjórar sveitarfélaganna sáu um að fá starfsfólk í rýnihópum. Viðtölin voru tekin í janúar og febrúar 2011. Viðtölin voru tekin upp en áður en upptökutækið var sett í gang voru þátttakendur upplýstir um tilgang og markmið með viðtalinu og áréttað að trúnaður ríkti milli aðila um það sem í viðtalinu kom fram. Allir þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki. Viðtölin voru síðan afrituð og gögnin markvisst kóðuð (e. *focused coding*) (Emerson, Fretz og Shaw, 1995).

Þátttakendur

Þátttakendur í rýnihópaviðtölunum voru starfsfólk Akureyrarbæjar og Hafnafjarðarbæjar, 43 konur og 10 karlar. Í tveimur rýnihópunum voru aðeins grunnskólakennarar (11

manns) og í þremur rýnihópum voru aðeins leikskólakennara (19 manns), samtals 30 manns. Þessi fimm rýnihópaviðtöl eru lögð til grundvallar í þessari grein. Af þessum 30 grunn- og leikskólakennurum í rýnihópunum eru aðeins tveir karlar og 28 konur. Skilyrði fyrir þátttöku í rýnihópnum var að tilheyra aldurshópnum 30–45 ára og hafa verið starfsmaður hjá viðkomandi sveitarfélagi frá því í mars 2008. Ákveðið var að hafa þetta aldursviðmið í rýnihópnum vegna þess að talið var að fólk á þessum aldri væri líklegra til þess að hafa orðið fyrir áhrifum af efnahagshruninu persónulega og gæti því gefið okkur betri vísendingar um hvort líðan á vinnustað væri eingöngu starfstengd eða hvort persónulegir þættir spiluðu þar líka inn í og þá í hversu miklum mæli og hvernig.

Mælitæki

Til grundvallar rýnihópaviðtölunum lá viðtalsvísir og var lögð áhersla á að fjalla um hugsanlegar breytingar sem hafa orðið á vinnustöðum viðmælenda frá því í október 2008.

Þessi rannsókn er gerð með leyfi Vísindasiðanefndar (leyfi nr. 10-007) og tilkynnt til Persónuverndar (S4634/2010).

Niðurstöður


Efnahagshrunið í október 2008 hefur sett spor sín á vinnustaði viðmælenda, þótt í mismiklum mæli sé. Orð eins og mannekla, óvissa, óöryggi, álag og þreyta komu ítrekað fyrir í máli viðmælenda þegar þeir lýstu upplifun sinni á vinnustaðnum síðustu misserin. Ástand sem flestir gátu á einn eða annan hátt tengt við efnahagshrunið frá því í október 2008. Fram kom í máli leikskólakennaranna að fyrir efnahagshrunið hefði öllu jöfnu vantað starfsfólk á leikskólana. Ungt fólk hefði gjarnan komið inn í leikskólana á haustin og unnið þar einungis í hálfan eða einn vetur. Ástandið er með öðru móti eftir hrun. Nú hafa nýráðningar verið takmarkaðar talsvert og starfsfólk finnur orðið verulega fyrir manneklu. Einn leikskólakennarinn orðaði það svona:

Við höfum sjaldnast náð að fullmanna vinnustaðinn en nú eftir að kreppan byrjaði er ástandið orðið enn verra. Við erum líka þínu duglegar við að sætta okkur við þetta, mér finnst eins og það sé þínu viðurkennt að það er bara í lagi að undirmanna. Það er eins og yfirmönnum okkar finnst það bara sjálfsagður hlutur og við höfum bara tekið því.

Heyra mátti á máli viðmælenda að í þeirra huga hafi bæði grunn- og leikskólakennarastarfið verið öruggt starf og nánast engar líkur á að fólki yrði sagt upp í starfi. Einn grunnskólakennari sagði: „Það verður náttúrulega alltaf þörf fyrir okkur. Það er það sem maður hugsaði“ og annar grunnskólakennari bætti við „já, maður hélt að maður væri öruggur ef maður væri kennari en maður er það samt ekki“. Viðmælendur voru sammála um að þetta öryggi sem það hélt að væri fólgið í starfi þeirra væri ekki lengur fyrir hendi, það hefði þegar sýnt sig. Þetta kemur heim og saman við megindelegu gögnin sem sýna að á mörgum vinnustöðum hafði fólk verið sagt upp og það látið af störfum vegna efnahagshrunsins sem varð í október 2008.


Mynd 1 sýnir að í fyrirlögninni árið 2010 svöruðu 30% spurningunni játandi: „Hefur starfsfólki á þínum vinnustað verið sagt upp og það látið af störfum vegna efnahagshrunsins sem varð í október 2008?“ Árið 2011 var hlutfallið komið í 44%. Munurinn er marktækur ($\chi^2(1, N=5739)=118,9, p<0,001$) milli fyrirlagna. Mun hærra hlutfall grunnskólakennara en leikskólakennara svaraði þessari spurningu játandi bæði í fyrirlögninni árið 2010 og árið 2011. Jafnframt hækkaði hlutfallið milli fyrirlagna meðal grunnskólakennara mun meira en meðal leikskólakennara eða úr 34% í 49% meðal grunnskólakennara en úr 21% í 29% meðal leikskólakennara. Munurinn er marktækur (2010: $\chi^2(1, N=3050)=52,4, p<0,001$ og 2011: $\chi^2(1, N=2589)=78,9, p<0,001$) milli leikskólakennara

og grunnskólakennara sem og milli fyrirlagna meðal grunnskólakennara ($\chi^2(1, N=4106)=98,0, p<0,001$) og leikskólakennara ($\chi^2(1, N=1532)=16,6, p<0,001$).



Mynd 1 – Hefur starfsfólki á þínum vinnustað verið sagt upp og það látið af störfum vegna efnahagshrunsins sem varð í október 2008? Greint eftir starfi og fyrirlögn.

Eins og fram kemur á *Mynd 2* svarar hærra hlutfall karla en kvenna að starfsfólki hafi verið sagt upp í kjölfar efnahagshrunsins bæði í fyrirlögninni árið 2010 ($\chi^2(1, N=3069)=6,6, p<0,01$) og árið 2011, en hlutfallið hækkaði meira milli fyrirlagna meðal kvenna (29% og 43%) en karla (36% og 49%). Munurinn er marktækur milli fyrirlagna hjá konum ($\chi^2(1, N=5032)=107,7, p<0,001$) og körlum ($\chi^2(1, N=7070)=11,6, p<0,001$).



Mynd 2 – Hefur starfsfólki á þínum vinnustað verið sagt upp og það látið af störfum vegna efnahagshrunsins sem varð í október 2008? Greint eftir kyni og fyrirlögn.

Megindlegu gögnin sýna jafnframt að sveitarfélög á landsbyggðinni og minni sveitarfélög hafa gripið fyrir til þess ráðs að segja upp starfsfólki grunn- og leikskóla en sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og stærri sveitarfélög. Í síðari fyrirlögninni kemur fram að uppsagnir hafa verið mun meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni því hjá 54% svarenda á höfuðborgarsvæðinu hefur starfsfólki verið sagt upp og það látið af störfum vegna efnahagshrunsins sem varð í október 2008 á móti 35% af landsbyggðinni. Munurinn er marktækur ($\chi^2(1, N=2670)=93,2, p<0,001$).

Sumir viðmælendur töldu að veturinn 2009–2010 hafi verið sá versti í sögunni hvað varðar óvissu og breytingar á starfsmannahaldi, aðrir töldu að veturinn 2010–2011 hafi verið sá versti og enn aðrir töldu að búast mætti við enn frekari niðurskurðaraðgerðum komandi vetur (2011–2012). Einn grunnskólakennari lýsti ástandinu síðasta vetur (2009–2010) á þessa leið:

Síðasti vetur var alveg svakalegur þegar við vorum í þessi óvissuástandi. Það átti að sameina en nákvæmlega hvað átti að gera og hverjir ættu að fara, hvaða starfsfólk, það var ekki vitað og þetta var bara einn sá versti vetur sem ég hef upplifað í starfi. Það var bara allt í lausu lofti hjá okkur en lá alltaf fyrir að það yrði eitthvað um okkur, [en óvíst] hvort við yrðum flutt til eða bara öllu lokað hér og öllum sagt upp. Rosaleg óvissa hjá okkur og vondur tími. Þetta var mjög slæmt fyrir starfsandann en hann er góður núna hjá þeim sem eftir eru sko. En samt er að koma inn núna aftur þessar vangaveltur hvað verður næsta vetur, það er aftur komið óvissuástand.

Fleiri viðmælendur minntust á sameiningar tveggja eða fleiri grunnskóla og jafnvel sameiningar milli grunn- og leikskóla og þá óvissu sem slíkum aðgerðum fylgir. Einkum var rætt um skort á upplýsingaflæði til starfsfólksins, á samvinnu milli stofnana og skort á skýrri stefnu þegar kom að sameiningaráformum. Í hugum viðmælenda voru vangaveltur eða fullyrðingar um sameiningar frekar vanhugsaðar af hálfu sveitarstjórnanna og í sumum tilvikum vantaði alla útfærslu.

Viðmælendur voru á því að orðrómur um sameiningar gerði ekkert annað en að skapa óvissu og óöryggi meðal starfsfólksins. Fram kom í máli sumra viðmælenda að á þeirra vinnustöðum væri búið að lýsa því yfir að fleira starfsfólki yrði sagt upp á komandi mánuðum. Viðmælendur voru almennt á því að starfsfólk væri áhyggjufyllra núna í vetur en áður þótt það væri kannski ekki endilega hrætt um starf sitt. Margir voru á því að þeir myndu ekki missa vinnuna heldur yrðu það einhverjir aðrir.

Á sumum vinnustöðum virðist fara fram mikil umræða um þetta óvissuástand en á öðrum var þetta ekki rætt. Einn grunnskólakennari sagði: „Auðvitað fann maður fyrir þessu óvissuástandi og það voru miklar umræður í gangi um það. Kom ekki sérstaklega við mig. Það vita allir að það er niðurskurður framundan og það er svona óvissa þó fólk hugsi ekki endilega að það sé að missa vinnuna.“ Leikskólakennari sagði: „Fólk virðist ekki vera hrætt um hvernig ástandið er á mínum vinnustað og ég veit ekki af hverju. Við ræðum þetta ekki. Ég er kannski viss um að ég hafi vinnu en ekki endilega sömu eða þá sem ég vil.“

Hræðslan við að missa vinnuna virðist ekki vera til staðar meðal grunn- og leikskólakennaranna þó óvissan fari illa í fólk að sögn viðmælenda. Allflestir eða um 97% grunn- og leikskólakennarar svaraði spurningunni játandi: „Telur þú að þú getir haldið starfi þínu hjá sveitarfélaginu næstu 12 mánuði ef þú óskar eftir því?“

Þó að viðmælendur væru almennt sammála því að starfsfólk hefði enn trú á að geta haldið starfinu þrátt fyrir óvissuástand, þá töldu þeir að andrúmsloftið á vinnustaðnum væri mun viðkvæmara heldur en fyrir kreppu. Þeir töldu að kreppan hefði almennt haft neikvæð áhrif á starfsandann og starfsánægjuna. Á sumum vinnustöðum hefur t.d. allt „kreppatal“ verið bannað þar sem það þótti hafa lýjandi áhrif á starfsfólkið sem margt hvert átti um sárt að binda heima fyrir. Einn leikskólakennari sagði:

Leikskólinn hefur alltaf verið griðastaður bæði fyrir okkur og börnin. Það var alltaf gaman í vinnunni, erfitt en gaman. Nú hefur þetta allt breyst. Þetta er ekki lengur griðastaður, það hefur tapast. Vinnugleðin hefur tapast. Nú er bara álag og erfitt og lítil gleði.

Fleiri viðmælendur tóku undir þetta með vinnugleðina og griðastaðinn og sumir viðmælendur töldu að það væri enn nokkuð gaman en bara öðruvísi gaman. Sumir viðmælendur höfðu orð á því að mannekla væri farin að hafa áhrif á faglegt starf þeirra og kom sú umræða upp bæði í grunn- og leikskólahópnum. Grunnskólahópurinn hafði áhyggjur af vax-

andi bekkjarstærðum og kröfunni um einstaklingsmiðað nám sem erfitt er að framfylgja. Stærri bekkir fela einnig í sér meira álag. Leikskólahópurinn hafði áhyggjur af þeirri þróun-
arvinnu sem hafði farið fram innan leikskólanna fram að kreppu en lítið sem ekkert hafði
verið gert síðan þá. Þeim fannst vegið að faglegu starfi innan leikskólanna og viðmæl-
endur í leikskólahópnum voru sammála um að starf þeirra væri ekki metið að verðleikum.
Einn leikskólakennari sagði:

Á mínum vinnustað líður ekki sá dagur að einhvern starfsmann vanti ekki og
það fleiri en einn. Við þurfum samt að skila okkar þannig að maður hleypur
bara hraðar og hraðar. Stundum finnst mér eins og það sé ekki gert ráð fyrir að
maður annist börnin líka, eins og við getum bara hengt þau upp á snaga og
gert það sem gera þarf. Hvernig í ósköpunum eigum við að hafa ánægju af
starfinu í svona aðstæðum?

Viðmælendur voru sammála því að veikindafjarvistir hefðu aukist og það hefði í för með
sér meira álag á þá sem mæta í vinnu. Leikskólakennari sagði: „Meira álag kallar á meiri
veikindi sem kalla á enn meira álag og enn meiri veikindi. Þetta er ekki góð blanda. Það
kemur enginn í staðinn og maður reynir að sinna öllu.“ Grunnskólakennari lýsti ástandinu
á sínum vinnustað þannig:

Á mínum vinnustað er vanlíðan meðal starfsfólks og mikill kvíði. Það sem hefur
breyst er að fólk er viðkvæmara, það er hrætt og því finnst því vera misboðið.
Það er gagnrýnara á nærumhverfið, það er styttri þráðurinn í fólki en áður og
fólk er bara óttaslegið um faglegt starf í skólanum. Fram til þessa þá hefur fólk
verið með ákveðna leið til að bregðast við en í dag þá finnst mér bara vera
ákveðin þreyta komin í fólk og fólk veit ekki hvað það á að gera, hvernig fram-
haldið verður. Rosaleg þreyta og mikið álag. Þannig myndi ég nú lýsa þessu.

Annar grunnskólakennari sagði sögu af samkennara sínum:

Við kennararnir upplifum líka meira álag í starfi vegna þess að börnin eru mun
erfiðari í vetur heldur en áður. Við erum sammála um það í mínum skóla. Það
er ekki langt síðan að einn samkennari minn fékk bara alveg nóg. Þegar ég
kom labbandi eftir ganginum þá sá ég að hún næstum ýtti krökkunum út úr
stofunni og læsti bara. Þegar ég talaði við hana þá bara sagði hún ég get ekki
meira í dag, ég get bara ekki meir. Ég fer bara að öskra ef að þú veist. Hún var
bara alveg búin á því. Auðvitað hefur í gegnum tíðina alltaf komið erfiðir dagar
en hvort þeir eru erfiðari, ég veit það ekki. Svona er þetta bara núna.


Nær allir viðmælendur voru á því að greina mætti meiri þyngsli meðal starfsfólki þennan
veturinn. Einn leikskólakennari sagði:

Það er miklu meira álag á starfsfólk í vetur og fólk er bara mikið að tala um
þreytu. Það er svo erfitt að vakna og þurfa að fara í vinnuna og það er einfald-
lega þreyta í fólki út af öllu þessu ástandi ekki bara vegna vinnunnar heldur líka
heima.

Þátttakendur í megindlegu rannsókninni meta starfsöryggi sitt nokkuð mikið árið 2010
eins og sjá má í *Töflu 1* (mesta starfsöryggi er 5,0 og minnsta starfsöryggi er 1,0) en
starfsöryggið minnkar milli fyrirlagna ($t(5123)=6,0$, $p<0,001$). Leikskólakennarar meta
starfsöryggi sitt meira en grunnskólakennarar bæði árin (2010: $t(2657)=4,3$, $p<0,001$ og
2011: $t(2309)=3,7$, $p<0,001$) og konur meta starfsöryggi sitt meira en karlar bæði í fyrir-
lögninni 2010 ($t(2698)=2,5$, $p<0,01$) og 2011 ($t(2423)=3,2$, $p<0,01$).

Tafla 1 – Starfsöryggi eftir starfi, kyni og fyrirlögn.						
	Starfsöryggi 2010			Starfsöryggi 2011		
	Meðaltal	Fjöldi	Staðalfrávik	Meðaltal	Fjöldi	Staðalfrávik
Allir	4,0	2.700	0,79	3,9	2.425	0,78
Grunnskólakennarar	4,0	1.903	0,82	3,9	1.692	0,79
Leikskólakennarar	4,1	756	0,73	4,0	619	0,76
Konur	4,0	2.368	0,79	3,9	2.125	0,78
Karlar	3,9	332	0,79	3,8	300	0,76


Þessi lýsing á álagi og þreytu í rýnihópunum endurspeglast hugsanlega í *Mynd 3* sem sýnir að þegar spurt er hvort andleg heilsa sé betri eða verri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október árið 2008 þá metur um fjórðungur svarenda andlega heilsu sína verri eftir hrunið. Hlutfallið hækkaði aðeins milli árunna 2010 og 2011, bæði meðal grunnskólakennara og leikskólakennara.



Mynd 3 – Er andleg heilsa þín betri eða verri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október árið 2008? Greint eftir starfi og fyrirlögn.

Þegar sama spurning er greind eftir kyni sést á *Mynd 4* að allt að fjórðungur karla og kvenna meta andlega heilsu sína verri eftir hrun og rúmlega fimmtungur karla.


Hærra hlutfall grunn- og leikskólakennara á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni mat andlega heilsu sína verri en fyrir efnahagshrun í fyrirlögninni 2010 eða 26% á mótí



Mynd 4 – Er andleg heilsa þín betri eða verri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október árið 2008? Greint eftir kyni og fyrirlögn.


19% og einnig í fyrirlögninni 2011 eða 29% á móti 20%. Munurinn er marktækur bæði í fyrirlögninni 2010 (τ -c=-0,08; α <0,001) og í fyrirlögninni 2011 (τ -c=-0,09; α <0,001).

Þegar líkamleg heilsa er skoðuð (*Mynd 5*) sést svipuð tilhneiging nema hvað meiri munur er á milli fyrirlagna. Rúm 13% metur líkamlega heilsu sína verri eftir hrunið árið 2010 en hlutfallið er rúm 21% árið 2011. Munurinn er marktækur (τ -c=0,05; α <0,001). Hlutfall þeirra sem metur líkamlega heilsu sína verri eftir hrun er mjög svipað hjá grunn- og leikskólakennurum en þó hækkar hlutfallið hjá leikskólakennurum minna á milli fyrirlagna.



Mynd 5 – Er líkamleg heilsa þín betri eða verri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október árið 2008? Greint eftir starfi og fyrirlögn.

Konur meta almennt líkamlega heilsu sína verri en karlar og eykst munurinn á milli fyrirlagna eins og sjá má á *Mynd 6*. Hærra hlutfall grunn- og leikskólakennara á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni mat líkamlega heilsu sína verri eftir hrun 2010 (14%/13%) og 2011 (24%/19%) og eykst munurinn milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar milli fyrirlagna. Stærð sveitarfélaga skiptir litlu máli við mat á líkamlegri heilsu milli fyrirlagna.



Mynd 6 – Er líkamleg heilsa þín betri eða verri en fyrir efnahagshrunið sem varð í október árið 2008? Greint eftir kyni og fyrirlögn.

Viðmælendur höfðu orð á því að þeir hefðu áhyggjur af því að það yrði flótti úr stéttinni núna vegna óvissu um það sem framundan er, fólk væri orðið þreytt á því að þurfa alltaf að gefa eftir og hagræða. Sumir nefndu tíðar breytingar og tilfærslu starfsfólks milli deilda og bekkjareininga sem dæmi um neikvæða afleiðingu kreppunnar á starfsanda og starfsánægju. Umræða skapaðist um svikin loforð, sérstaklega loforð um að ekki yrði sagt upp starfsfólki. Einn leikskólakennari sagði: „Ég upplifi að stundum vil ég vera og stundum vil ég fara, en fara hvert? Það er bara ekkert annað að hafa“. Í máli viðmælenda mátti greina að fleiri hefðu hugsað á þessum nótum, sérstaklega í leikskólahópnum og höfðu þeir áhyggjur af starfsandanum vegna þessa. Einn leikskólakennari sagði:

... svo að sama skapi er líka hérna fólk sem að vill losna út af leikskólanum og það bara fær ekki aðra vinnu og maður finnur bara að það er bara þarna af því að það fær ekkert annað og hefur ekki áhuga á vinnunni. Það er ofsalega erfitt að vinna með svoleiðis fólki og það hefur neikvæð áhrif á starfsandann.

Í megindegu rannsókninni kom fram að árið 2010 voru tæp 14% sammála fullyrðingunni „Ég hugsa oft um að hætta í núverandi starfi“ og hækkaði hlutfallið í rúm 16% árið 2011. Munurinn er marktækur milli fyrirlagna ($t_{au-c}=0,05$; $\alpha<0,001$). Hærra hlutfall leikskólakennara var sammála þessari fullyrðingu bæði árið 2010 eða 15% á móti 14% grunnskólakennara og árið 2011 eða 17% á móti 16% grunnskólakennara og er munurinn marktækur (2010: $t_{au-c}=0,03$; $\alpha<0,01$ og 2011: $t_{au-c}=0,02$; $\alpha<0,01$). Jafnframt kom í ljós að grunn- og leikskólakennarar á landsbyggðinni sem og grunn- og leikskólakennarar lítilla sveitarfélaga eru oftast sammála þessari fullyrðingu en grunn- og leikskólakennarar á höfuðborgarsvæðinu og stærri sveitarfélaga, sérstaklega árið 2011.

Í töflu 2 má sjá fylgni milli starfsöryggis og líðanar grunn- og leikskólakennara. Fram kom fylgni milli starfsöryggis og líkamlegrar heilsu, andlegrar heilsu og löngunar til að hætta í starfi eftir kyni, starfi og búsetu í báðum fyrirlögnum miðað við 99% öryggismörk, nema fyrir líkamlega heilsu karla í fyrirlögninni árið 2011. Skortur á starfsöryggi hefur sterkustu tengslin við löngun til að hætta í starfi og sterkari tengsl við andlega heilsu en við líkamlega heilsu. Tengslin eru alls staðar veik tengsl nema í fyrirlögninni 2010 fyrir löngun til að hætta í starfi hjá grunn- og leikskólakennurum á höfuðborgarsvæðinu en þar koma fram meðal tengsl. Í því tilviki skýrir starfsöryggi tæp 24% af breytileika gagnanna. Þó starfsöryggi minnki milli ára 2010 og 2011 þá haldast tengslin eins við mat á líkamlegri heilsu árið 2010 og árið 2011. Starfsöryggi skýrir 1% af breytileika gagnanna fyrir líkamlega heilsu og 3,5% af breytileika andlegrar heilsu.

Tafla 2 – Fylgni (spearman rho) starfsöryggis við líðan grunn- og leikskólakennara.

	Líkamleg heilsa		Andleg heilsa		Löngun til að hætta í starfi	
	Fyrirlögn 2010	Fyrirlögn 2011	Fyrirlögn 2010	Fyrirlögn 2011	Fyrirlögn 2010	Fyrirlögn 2011
Allir	-0,11*	-0,11*	-0,19*	-0,15*	-0,20*	-0,18*
Grunnskólakennarar	-0,11*	-0,10*	-0,20*	-0,15*	-0,19*	-0,16*
Leikskólakennarar	-0,09*	-0,11*	-0,13*	-0,15*	-0,23*	-0,24*
Konur	-0,11*	-0,11*	-0,18*	-0,15*	-0,20*	-0,18*
Karlar	-0,10*	-0,07	-0,25*	-0,18*	-0,19*	-0,16*
Höfuðborgarsvæði	-0,10*	-0,13*	-0,15*	-0,15*	-0,49*	-0,14*
Landsbyggð	-0,11*	-0,07*	-0,23*	-0,12*	-0,21*	-0,22*

* Marktækt miðað við 99% öryggismörk.

Umræður

Rannsókn sem Clark og Postel-Vinay (2005) gerðu í tólf Evrópulöndum sýnir að þeir sem vinna hjá ríki og sveitarfélögum hafa mikið starfsöryggi. Það sama hefur átt við hér á landi, þótt ljóst sé að atvinnuöryggi starfsfólks sveitarfélaga hefur minnkað töluvert frá efnahagshruninu 2008, enda hafa sveitarfélögin þurft að grípa til mikils niðurskurðar. Rannsókn okkar leiddi í ljós að í mörgum grunn- og leikskólum hefur starfsfólki verið sagt

upp frá árinu 2008. Starfsöryggið hefur minnkað á milli árána 2010 og 2011 og líðanin versnað.

Erlendar og innlendar rannsóknir hafa sýnt að uppsagnir starfsfólks hafa ekki einungis neikvæð áhrif á þá sem missa vinnuna, heldur einnig á það starfsfólk sem heldur starfinu. Þetta sjáum við einnig í okkar rannsókn. Samkvæmt viðmælendum í grunn- og leikskólum hefur bankahrunið haft neikvæðar afleiðingar á starfsumhverfi þess, sem birtast meðal annars í auknum veikindafjarvistum, óvissu, óöryggi, álagi og þreytu. Þetta eru allt einkenni sem erlendar rannsóknir hafa sýnt að geti verið afleiðingar niðurskurðar og starfsóöryggis (sjá t.d. Kulkarni, 2008 og Quinlan og Bohle, 2009). Einnig hefur þetta verið staðfest í íslenskum rannsóknum á starfsfólki fjármálafyrirtækjanna (Ásta Snorradóttir, 2009, 2011; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2009). Þátttakendur í rýnihópunum töluðu einnig um breytingar og óvissu sem stafaði af því að enginn vissi í raun hvernig málin myndu þróast. Einnig kom fram að tíðar breytingar og tilfærsla starfsfólks hefði slæm áhrif á starfsanda og -ánægju.

Ýmsar erlendar rannsóknir hafa sýnt að skortur á starfsöryggi hafi áhrif á afstöðu fólks til breytinga á vinnustaðnum sem og löngun til þess að hætta störfum (sjá t.d. Ashford o.fl., 1989; Kuhnert og Vance, 1992; Loseby, 1992; Rosenblatt og Ruvio, 1996; Davy o.fl., 1997). Bæði eigindlegar og megindlegar niðurstöður þessarar rannsóknar sýna einnig að starfsöryggi ýtir undir löngun grunn- og leikskólakennara til að segja upp. Hlutfall þeirra sem segist oft hugsa um að hætta eykst á milli árána 2010 og 2011. Löngunin til að hætta er meiri hjá leikskólakennurum en kennurum í grunnskólaláþótt leikskólakennarar meti starfsöryggi sitt meira en grunnskólakennarar. Eflaust er hluti af skýringunni aukið álag í starfi eins og kom fram í rýnihópaviðtölum og að mun hærra hlutfall grunnskólakennara hefur þegar upplifað uppsagnir starfsfólks á sínum vinnustað í kjölfar hrunsins.

Það er mat um fjórðungs grunn- og leikskólakennara í megindlegu rannsókninni að andleg heilsa þeirra hafi versnað eftir bankahrunið 2008 og rúmlega fimmtungur grunn- og leikskólakennara metur líkamlega heilsu sína verri eftir hrún en fyrir þann tíma. Þátttakendum í rýnihópunum var tíðrætt um manneklu vegna veikindafjarvista og aukins álags í starfi og þá þreytu sem komin er í starfsfólk vegna langvarandi undirmönnunar. Þetta kemur heim og saman við erlendar rannsóknir sem margar hverjar staðfesta að niðurskurður og starfsöryggi hafi neikvæð áhrif á andlega og líkamlega líðan þess starfsfólks sem heldur sínu starfi (sjá t.d. Kivimäki o.fl., 2001; Ferrie o.fl., 1995). Rannsókn okkar staðfestir að niðurskurður og starfsöryggi hefur neikvæð áhrif á bæði sjálfmetna líkamlega og andlega heilsu grunn- og leikskólakennara. Þessi rannsókn styður því ekki rannsókn Clark og Postel-Vinay (2005) sem sýndi að sveiflur á vinnumarkaði hafi almennt ekki áhrif á starfsfólk í föstu starfi hjá hinu opinbera.

Styrkur þessarar rannsóknar er að hér er í fyrsta sinn gerð umfangsmikil rannsókn meðal starfsfólks stærstu sveitarfélaga landsins utan Reykjavíkur á tengslum starfsöryggis og líðanar. Ólíkt sambærilegum erlendum rannsóknum styðst þessi rannsókn bæði við viðtalsgögn og spurningalista, en blöndun aðferða hefur hin síðari ár aukist talsvert meðal félagsvísindafólks (Johnson og Onwuegbuzie, 2004; Johnson, Onwuegbuzie, og Turner, 2007). Enn sem komið er hefur spurningalistagögnunum einungis verið safnað tvisvar, en algengt er að sambærilegar rannsóknir byggi einungis á einni gagnaöflun.

Vert er að benda á að í mörgum tilfellum hafa sömu einstaklingarnir svarað spurningalistanum árin 2010 og 2011. Við úrvinnslu gagnanna voru gögnin þó ekki þöruð, heldur unnið með þau eins og tvö óháð úrtök. Þótt hægt hefði verið að draga víðtækari ályktanir af samanburði milli árána með gögnin þöruð, þá er ljóst að þessi samanburður gefur sterkar vísbendingar um ályktunarbær tengsl. Þá ber einnig að nefna að þegar spurt er um

uppsagnir er ekki ljóst hversu mörgum einstaklingum hefur verið sagt upp á hverjum vinnustað, né hvaða störfum þeir gegndu.

Ekki er til algildur mælikvarði á líðan og öryggi í starfi. Í anda Foucault mætti benda á að aukin vanlíðan og óöryggi sem fram kemur í þessum gögnum stafaði af því að orðræðan frá haustmánuðum 2008 hafi ýtt undir umræðu fólks um vanlíðan og starfstengt álag. Einnig er hugsanlegt að kynjamunurinn stafi af því að orðræða kvenna „leyfi“ þeim fremur en körlum að tjá vanlíðan. Ekki er þó ólíklegt að „raunveruleg“ vanlíðan hafi aukist, að minnsta kosti ef litið er til kenninga Antonowskys og Blauners um að störf sem virðast heilsusamleg og góð geti verið starfsfólki erfið, ef það efast um stöðu sína eða sér ekki tilgang með því sem það aðhefst. Þessi rannsókn bendir til þess að niðurskurður innan sveitarfélaganna frá árinu 2008 hafi ýtt undir slíkar hugsanir.

Grunn- og leikskólakennarar gegna gríðarlega ábyrgðarmiklum störfum. Rannsókn okkar bendir til þess að starfsöryggið hafi minnkað og líðanin versnað hjá stórum hópi þessara kennara frá bankahruninu haustið 2008. Vissulega er hér um að ræða sjálfmetna líðan og einstaklingar eru beðnir að bera saman ástand á þeim tíma sem spurningalistinn er lagður fyrir við ástand tveimur og þremur árum fyrr. Þótt æskilegt hefði verið að samanburðarhæf gögn frá árunum fyrir bankahrun lægju fyrir, þá er einnig áhugavert að vita hvernig fólk metur það hvort aðstæður hafi batnað eða versnað á þessu tímabili. Að því leyti eru áður nefnd svör kennaranna mikilvæg við mat á breytingum á vinnuviðhorfum þeirra og líðan. Því er það von okkar að við framtíðar stefnumótun muni fulltrúar sveitarfélaga og stjórnendur þessara skólastiga taka alvarlega þær niðurstöður sem koma fram í greininni og líta á þær sem viðvörunarbjöllur og hvatningu til að vinna að heilsuefandi forvarnarstarfi. Það gæti orðið bæði kennurum og nemendum til heilla.

Heimildir

Amick, B. C. 3rd; Kawachi, I.; Coakley, E. H.; Lerner, D.; Levine, S. og Colditz, G. A. (1998). Relationship of job strain and iso-strain to health status in a cohort of women in the United States. *Scandinavian Journal of Work Environment & Health*, 24(1), 54–61.

Antonovsky, A. (1987). *Unraveling the mystery of health - How people manage stress and stay well*. San Francisco: Jossey-Bass Publishers.

Ashfort, S., Lee, C. og Bobko, P. (1989). Content, causes and consequences of job insecurity: Theory-based measurement and substantive test. *Academy of Management Journal*, 32(4), 803–829.

Ásta Snorradóttir. (2009). Áhrif niðurskurðar á líðan og heilsu starfsfólks í bönkum og sparisjóðum. Í Gunnar Þ. Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 759–771). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Ásta Snorradóttir. (2011). Í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XII* (bls. 79–90). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Blauner, R. (1964). *Alienation and freedom*. Chicago: University of Chicago Press.

Bury, M. (2005). *Health and Illness*. Cambridge: Polity.

Clark, A. og Postel-Vinay, F. (2005). *Job security and job protection*. Bonn: Institute for the Study of Labor.

- Davy, J.A.; Kinicki, A.J. og Scheck, C.L. (1997). A test of job security's direct and mediated effects on withdrawal cognitions. *Journal of Organizational Behavior*, 18, 323–349.
- De Witthe, H. (1999). Job insecurity and psychological well-being: Review of the literature and exploration of some unresolved issues. *European Journal of Work and Organizational Psychology*, 8, 155–177.
- Emerson, R. M.; Fretz, R. I. og Shaw, L. L. (1995). *Writing ethnographic fieldnotes* (2. útgáfa). Chicago: University of Chicago Press.
- Ferrie, J. E.; Shipley, M. J.; Marmot, M. G.; Martikainen, P.; Stansfeld, S. A. og Smith, G. D. (2001). Job insecurity in white-collar workers: toward an explanation of associations with health. *Journal of Occupational Health Psychology*, 6(1), 26–42.
- Ferrie, J.E.; Shipley, M. J.; Marmot, M. G.; Stansfeld S. og Smith, G. D. (1995). Health effects of anticipation of job change and non-employment: longitudinal data from the Whitehall II Study. *British Medical Journal*, 311, 1264–1269.
- Ferrie, J. E.; Shipley, M. J.; Marmot, M. G.; Stansfeld, S. A. og Smith, G. D. (1998). An uncertain future: The health effects of threats to employment security in white-collar men and women. *American Journal of Public Health*, 88, 1030–1036.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2009). Líðan í kjölfar efnahagshruns. Samanburður þriggja hópa. Í Gunnar Þ. Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 789-798). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Tamar M. Heijstra. (2011). Balancing work–family life in academia: The power of time. *Gender, Work and Organization*. Sótt í desember 2011 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1468-0432.2011.00571.x/pdf>
- Gunnlaugur A. Júlíusson. (2008). *Greinargerð um rekstrarumhverfi sveitarfélaga. Fjárhagsleg afkoma sveitarfélaga 2007. Rekstrarumhverfi sveitarfélaga 2009–2010*. Reykjavík: Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Johnson, R. B. og Onwuegbuzie, A. J. (2004). Mixed methods research: A research paradigm whose time has come. *Educational Researcher*, 33(7), 14–26.
- Johnson, R. B.; Onwuegbuzie, A. J. og Turner, L. A. (2007). Toward a definition of mixed methods research. *Journal of Mixed Methods Research*, 1(2), 112–133.
- Kivimäki, M.; Honkonen, T.; Wahlbeck, K.; Elovainio, M.; Pentti, J.; Klaukka, T. o.fl. (2007). Organisational downsizing and increased use of psychotropic drugs among employees who remain in employment. *Journal of Epidemiol Community Health*, 61, 154–158.
- Kivimäki, M.; Vahtera, J.; Pentti, J. og Ferrie, J. E. (2000). Factors underlying the effect of organisational downsizing on health of employees: longitudinal cohort study. *British Medical Journal*, 320, 971–5.
- Kivimäki, M.; Vahtera, J.; Koskenvuo, M.; Uutela, A. og Pentti, J. (1998). Response of hostile individuals to stressful changes in their working lives: test of a psychosocial vulnerability model. *Psychological Medicine*, 28(4), 903–913.

- Kivimäki, M.; Vathera, J.; Pentti .; Thomson L.; Griffiths, A., og Cox, T. (2001). Downsizing, changes in work, and self-rated health of employees: A 7 year 3 wave panel study. *Anxiety, Stress and Coping*, 14, 59–73.
- Kuhnert, K. W. og Vance, R. J. (1992). Job insecurity and moderators of the relation between job insecurity and employee adjustment. Í J. C. Quick, L.R. Murphy, og J.J. Hurrell, Jr. (ritstjórar), *Stress and Well-being at Work*, Washington: APA.
- Kulkarni, V. V. (2008). *How does downsizing affect survivors? Insights from the literature*. Sótt í september 2009 af <http://ssrn.com/abstract=1100532>
- Lindström, K.; Elo, A-L.; Skogstad, A.; Dallner, M.; Gamberale, F.; Hottinen, V. o.fl. (2000). *General Nordic Questionnaire for Psychological and Social Factors at Work*, (Nord 2000:012), Copenhagen: Nordic Council of Ministers.
- Loseby, P. H. *Employment security*. Westport, CT: Quorum Books.
- Lýðheilsustöð. (2007). Heilsa og líðan Íslendinga. Reykjavík: Lýðheilsustöð.
- Lýðheilsustöð. (2009). Heilsa og líðan Íslendinga. Reykjavík: Lýðheilsustöð.
- Mattiasson, I.; Lindgärde, F.; Nilsson, J. A. og Throrell, T. (1990). Threat of unemployment and cardiovascular risk factors: Longitudinal study of quality of sleep and serum cholesterol concentrations in men threatened with redundancy. *British Medical Journal*, 301, 461–66.
- Mauno, S. og Kinnunen, U. (1999). Job insecurity and well-being: A longitudinal study among male and female employees in Finland. *Community, Work and Family*, 2(2), 147–171.
- Messing, K. og Kilborn, Å. (1998). Why study women separately? Í Å. Kilborn, K. Messing og C. Bildt Thorbjörgsson (ritstjórar), *Women's health at work*. Stockholm: Arbetslivsinstitutet.
- Orpen C. (1993). Correlations between job insecurity and psychological well-being among white and black employees in South Africa. *Percept Mot Skills*, 76, 885–886.
- Pugliesi, K. (1995). Work and well-being: Gender differences in the psychological consequences of employment. *Journal of Health and Social Behavior*, 36(1), 57–71.
- Probst, T. (2000). Wedded to the job: Moderating effects of job involvement on the consequences of job insecurity. *Journal of Occupational Health Psychology*, 5(1), 63–73.
- Quinlan, M. og Bohle, P. (2009). Overstretched and unreciprocated commitment: Reviewing research on the occupational health and safety effects of downsizing and job insecurity. *International Journal of Health Services*, 39(1), 1–44.
- Rosenblatt, Z. og Ruvio, A. (1996). A test of multidimensional model of job insecurity: The case of Israeli teachers. *Journal of Organizational Behavior*, 17, 587–605.
- Rosenblatt, Z.; Talmud, I. og Ruvio, A. (1999). A gender-based framework of the experience of job insecurity and its effects on work attitudes of Israeli schoolteachers. *The European Journal of Work and Organizational Psychology*, 8(2), 197–217.

- Rúnar Vilhjálmsson. (2000). Heilbrigðismálin frá sjónarhorni félagsfræði. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 335–350). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2011). *Hagfærðingaraðgerðir sveitarfélaga: Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Siegrist, J.; Peter, R.; Junge, A.; Cremer, P. og Seidel, D. (1990). Low status control, high effort at work and ischaemic heart disease: Prospective evidence from blue-collar men. *Social Science Medicine*, 31, 1127–1134.
- Sigrún Ólafsdóttir. (2004). Félagsfræði heilsu og veikinda. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (Ritstj.), *Íslensk félagsfræði – Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 288–308). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- van Vuuren, T.; Klandermans, B.; Jacobson, D. og Hartley, J. (1991). Predicting employees' perceptions of job insecurity. Í J. Hartley, D. Jacobson, B. Klandermans, T. van Vuuren, L. Greenhalgh og R. Sutton (ritstjórar), *Job insecurity: coping with jobs at risk* (bls. 65–78). London: Sage.
- Watson, T.J. (2005). *Sociology, work and industry. Fourth edition*. London: Routledge.



Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2011). „Rosaleg óvissa hjá okkur og vondur tími“: Um starfsöryggi og líðan kennara eftir hrún. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/014.pdf>